

Laugardaginn 13. febrúar 2021 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 20/2020

HRFÍ

gegn

X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 8.4.2020 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para A án þess að fyrir lægi DNA niðurstaða fyrir PRA. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 6.5.2020 og henni gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærða svaraði efnislega. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun.

IV. Niðurstaða

Siðanefnd fellst á athugasemdir kærðu um að ekki hafi verið tilgreint nógu skýrt í reglugerðinni að niðurstaða skyldi liggja fyrir fyrir þörun.

Siðanefnd vísar málinu frá.



f.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir

